

Hádegisverðarfundur 26.febr nk.

Föstudaginn 26. febrúar boðar Fagfélagið til hádegisverðarfundar kl. 12:00-13:00. Á fundinum mun Marlon Lee Úlfur Pollock gefa fundargestum innsýn í urban-menningu eða jaðarmenningu unglunga og ungmenna í Reykjavík

og bera saman við jaðarmenningu nágrannalandanna.

Fundurinn fer fram í kjallara Maður Lifandi, Borgartúni 24 í Reykjavík, og eins og áður verður hægt að nálgast hollan og góðan hádegisverð á vægu

verði. Til stendur að reyna að senda fundinn út með fjarfundarbúnaði fyrir þá sem ekki hafa tök á því að vera á staðnum. Frekari upplýsingar um útsendinguna verða sendar út síðar í vikunni.

Hlökkum til að sjá sem flesta!

Málþing í maí.

Fagfélagið stendur á tímamótum nú í maí, þar sem fimm ár eru liðin frá stofnun þess.

Ákveðið var á fundi stjórnar 11.febrúar sl. að halda málþing 6.maí í tilefni afmælis. Verið er að vinna að dagskrá og vinna spurningalista sem sendur verður á félag og

óskað eftir því að þeir svari til að fá fram dagskrá sem svarar þörfum sem flestra.

Einnig er þörf á að ræða málefni sem snúa að hlutverki félagsins gagnvart félögum sínum og hlutverk félagsins í samstarfi við aðila á borð við sveitafélögin, Samfés,

FÍÆT ofl.

Málþingið verður auglýst síðar en félagar eru hvattir til að taka vel á móti könnuninni sem send verður út á næstu dögum eða vikum.

Fyrir hönd stjórnar Jóhannes Guðlaugsson ritari.

Siðareglur sendar til félagsmanna!

Siðareglur félagsins hafa vakið verðskuldaða athygli síðustu daga en félagsmenn sem greitt hafa félagsgjöld ársins fá siðareglurnar

afhentar innrammaðar. Með því móti er hægt að koma þeim á góðan stað félagsmönnum til áminningar og gestum og gangandi um vinnustaði

félagsmanna til upplýsingar. Dreifing þeirra er hafin á höfuðborgarsvæðinu og munu berast öllum á næstu dögum eða vikum.

Nýir félagar

Undanfarið hafa þrír nýjir félagar bæst í hópinn: Árni Gísli Brynleifsson, frístundaleiðbeinandi á Frístundasviði Skagafjarðar. Hanna Kristín Þorgrímsdóttir,

forstöðumaður lengdrar viðveru barna í 1.-5. bekk í Grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjárnsreykjum. Þorvaldur Guðjónsson, verkefnisstjóri

frístundaheimilisins Sólbúa við Breiðagerðisskóla í Reykjavík.

Við bjóðum þau velkomin í félagið!